

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum“ í 2. tölul. 19. gr. reglugerðarinnar kemur: ríkis, sveitarfélaga, stofnana á þeirra vegum eða aðila sem gert hafa sérstakan þjónustusamning við ríki eða sveitarfélag.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 25. febrúar 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Páll Jóhannesson.